

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/904*  
*komudagur 23.2.2009*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. febrúar 2009

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. 279. mál**

Vísað er til bréfs, dags. 12. febrúar 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Framlagt frumvarp gerir ráð fyrir útgreiðslu séreingarsparnaðar á tímabilinu 1. apríl 2009 til 31. desember 2010 til sérstakrar ráðstöfunar.

Tryggingastofnun þakkar fyrir að fá að koma að umsögn vegna ofangreinds lagafrumvarps. Tryggingastofnun vill koma því á framfæri að greiðsla séreignarsparnaðar eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi getur haft áhrif á greiðslur bótaþega. Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á greiðslu elli-, örorku og endurhæfingarlífeyris né heldur á greiðslu tekjutryggingar sbr. 3. og 4. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007. Greiðslan myndi hins vegar hafa áhrif á greiðslur uppbóta til lífeyrisþega Tryggingastofnunar, sbr. reglugerð nr. 878/2008 um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega með síðari breytingu og reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. lögum um félagslega að stoð með síðari breytingum.

Virðingarfyllt,

fh. Sigríðar Lillýar Baldursdóttur



Ragna Haraldsdóttir  
framkvæmdastjóri Alþjóða- og stjórnsýslusviðs